

RÍÓ

309 tbl. október 2019

MYNDIR

mánaðarins



 DREAMWORKS

EVEREST

UNGI SNIÓMAÐURINN



**SMAKKAÐU
REGNBOGANN**

VENJULEGT FÓLK



Er sannri vináttu alltaf viðbjargandi?

Hversu mikið getur maður fyrirlitið manneskjuna sem skilur mann betur en allir aðrir? Venjulegt fólk, vinsælasta þáttaröð síðasta árs í **Sjónvarpi Símans Premium** snýr aftur. Öll þáttaröðin lendir 16. október.

siminn.is



KFC  orkusalan

Útgefið í október

DVD

10.10.	Leynilíf gæludýra	Myndform	Teiknimynd	Leyfð	16
18.10.	Hundur hennar hátignar	Myndform	Teiknimynd	Leyfð	20
31.10.	Yesterday	Myndform	Gamanmynd	9 ára	27

VOD

2.10.	X-Men: Dark Phoenix	Síminn	Ævintýri	12 ára	10
3.10.	Ode to Joy	Sena	Rómantik	12 ára	12
4.10.	Alvinnn!!! og ikornarnir	Myndform	Barnaefni	Leyfð	12
4.10.	Bitch	Myndform	Svört kómedia	12 ára	13
4.10.	Official Secrets	Myndform	Sannsgulegt	Leyfð	13
7.10.	Godzilla: King of the Monsters	Síminn	Ævintýri	12 ára	14
10.10.	Spell	Sena	Gamandrama	12 ára	15
10.10.	Zombieland	Sena	Grínhröllur	12 ára	15
11.10.	Eva	Myndform	Spennudrama	12 ára	15
11.10.	Víkings 5: Seinni hluti	Myndform	Víkingar	16 ára	17
11.10.	Mein Blind Date mit dem Leben	Myndform	Sannsgulegt	Leyfð	17
17.10.	The Operative	Sena	Njósnameynd	16 ára	18
18.10.	Bubbi byggir 3	Myndform	Barnaefni	Leyfð	18
18.10.	Wild Rose	Myndform	Drama/tónlist	12 ára	19
18.10.	Ashes in the Snow	Myndform	Sannsgulegt	12 ára	19
18.10.	Hundur hennar hátignar	Myndform	Teiknimynd	Leyfð	20
18.10.	Juveniles	Myndform	Spennudrama	16 ára	21
23.10.	Crawl	Síminn	Tryllir	16 ára	22
24.10.	Charlie's Angels	Sena	Grínhasar	12 ára	23
24.10.	Charlie's Angels: Full Throttle	Sena	Grínhasar	12 ára	23
25.10.	Eliás	Myndform	Barnaefni	Leyfð	23
25.10.	Nekrotronic	Myndform	Fantasia/hasar	16 ára	24
25.10.	Snowmance	Myndform	Rómantik	Leyfð	24
28.10.	The Sun is Also a Star	Síminn	Rómantik	6 ára	25
25.10.	Teitur: Jól	Myndform	Barnaefni	Leyfð	25
28.10.	Annabelle Comes Home	Síminn	Tryllir	16 ára	26

Tölvuleikir

4.10.	Tom Clancy's Ghost Recon Break...	Myndform	Skot- og hasarl.	18+	30
9.10.	Concrete Genie	Sena	Ævintýraleikur	12+	31
15.10.	Zombieland: Double Tap - Raod T.	Sena	Skotleikur	16+	32
15.10.	WWE 2K20	Sena	Slagsmálaleikur	16+	32
25.10.	Call of Duty: Modern Warfare	Sena	Skotleikur	18+	33



MYNDIR MÁNAÐARINS

309. tbl. október 2019

Útgefandi: Myndir mán. ehf., Trönuhrauni 1, 220 Hafnarfirði, sími 534-0417

Heimasíða: www.myndirmanadarins.is

Ábyrgðarmaður: Stefán Unnarsson / myndmark@islandia.is

Texti / Umbrot: Bergur Ísleifsson

Próförk: Veturliði Óskarsson

Prentun / Bókband: Ísafoldarprentsmiðja

Upplag: 19.000 eintök

VÆNTANLEG Á DVD OG VOD Í OKTÓBER



MYNDFORM



PEPPP OG COKE

ÓMISSANDI MEÐ MYNDINNI

Uppáhalds Domino's
pizzan þín og ískalt Coke
fullkomna bíókvöldið.



Stjörnuþá mánaðarins



Vatnsberinn 20. jan. - 18. feb.

Það verður einhver hristingur í kringum þig fram eftir mánuðinum, sennilega kosningaskjálfti. Taktu tvær verkjatöflur ef einkennin hverfa ekki fyrir tuttugasta.



Fiskarnir 19. feb. - 20. mars

Þér hættir til að finna upp hjólið annað slagíð sem bendir til að þú hafir lítið fylgst með í skólanum. Settu upp valdsmannssvipinn um helgina og taktu öll mál að þér.



Hrúturinn 21. mars - 19. apríl

Það er eitthvað eiturgætt, beiskt og slímugt í kortunum þínum á næstunni. Helltu þér yfir einhvern með miklum þjósti en vertu með vasaklút ef þú skyldir froðufella.



Nautið 20. apríl - 20. maí

Fólk í nautsmerkinu sem hefur áhuga á leðurblökurannsóknum ætti að endurmeta líf sitt og tilgang. Fáðu þér nýtt batterí í vasaljósið og lýstu upp farinn veg.



Tvíburarnir 21. maí - 21. júní

Það bendir allt til að þú hafir nýlega keypt þér flugmiða eða munir kaupa þér flugmiða á næstunni eða kaupir að minnsta kosti eitt hvað dót fljótlega sem byrjar á effi.



Krabbinn 22. júní - 22. júlí

Aldrei þessu vant eru engin ferðalög framundan hjá þér og þá erum við ekki að telja með þennan skotúr niður á strönd. Mundu að gefa litbrigðum Litlafells góðan gaum.



Ljónið 23. júlí - 22. ágúst

Svalaðu forvitninni og flettu því upp á netinu hvar Angmagssalik er í raun og veru. Gáðu á leiðinni hvort þú finnur ekki einhvern stað sem þú getur farið til um jólin.



Meyjan 23. ágúst - 22. sept.

Það verður afskaplega lítið í gangi hjá þér á næstunni og því skaltu nota tímann til að íhuga að breyta nafni þínu í Þorvaldur Gylfi. Gildir ekki um þá sem heita Þorvaldur.



Vogin 23. sept. - 23. okt.

Þú ert í óvenjugóðu jafnvægi þessa dagana og kippir þér ekki upp við að gamalt hælssæri taki sig upp enda er það í hælnum á einhverjum öðrum. Borðaðu meira af silungu.



Sporðdrekin 24. okt. - 21. nóv.

Þú ferð í síðbúna lautarferð í mánuðinum og finnur sexhundruðkall á leiðinni heim aftur. Notaðu hann í hárlengingar og afganginn í handbók um rabarbaræktun.



Bogmaðurinn 22. nóv. - 21. des.

Þú íhugar að fara snemma af stað í ár og kaupa jólagjafir svo þú lendir ekki aftur í tímahraki og með allt niðrum þig á Þorláksmessu. Frestaðu þessu a.m.k. fram í nóvember.



Steingeitin 22. des. - 19. jan.

Afstaða Merkúrs til Úranusar og hornrétt miðun Venusar gerir það að verkum að þú færð skyndilegan áhuga á að kynna þér deiliskipulagið í Dalasýslu. Taktu netið með.

Afmælisbörn mánaðarins



1. okt.: Zach Galifianakis, 50 ára



1. okt.: Julie Andrews, 84 ára



3. okt.: Clive Owen, 55 ára



4. okt.: Dakota Johnson, 30 ára



5. okt.: Jesse Eisenberg, 36 ára



5. okt.: Kate Winslet, 44 ára



8. okt.: Matt Damon, 49 ára




9. okt.: Guillermo del Toro, 55 ára



12. okt.: Hugh Jackman, 51 árs



13. okt.: Sacha Baron Cohen, 48 ára



16. okt.: Tim Robbins, 61 árs




18. okt.: Zac Efron, 32 ára



19. okt.: John Lithgow, 74 ára



20. okt.: Viggo Mortensen, 61 árs



22. okt.: Jeff Goldblum, 68 ára



23. okt.: Ryan Reynolds, 43 árs



24. okt.: Kevin Kline, 72 ára



26. okt.: Seth MacFarlane, 46 ára



27. okt.: John Cleese, 80 ára



28. okt.: Julia Roberts, 52 ára

SOLO POMODORO.

MUTTI



PARMA

Mest selda tómatvara
Italiu

Hin ýmsu blæbrigði tómatans



MUTTI HEILIR FLYSJAÐIR TÓMATAR

ÞÉTTIR OG HOLDMIKLIR

Heilu tómatarnir hafa náttúrulegan rauðan lit, létt bragð og mikinn þéttleika. Innihald: Flysjaðir tómatar, tómat safi, sýrustillir: sitrónusýra.



MUTTI FÍNT SAXAÐIR TÓMATAR

LEYNDARMÁL SIÐAN 1971

Mutti fint söxuðu tómatarnir eru einstök vara sem sameinar safan úr tómatinum við smátt skorið holdið og heldur í ferskleika ávaxtarins. Bíður upp á sama flotta rauða lit og ávöxturinn að sumri. Innihald: Tómatar 99,8%, salt.



MUTTI PASSATA

SÆT OG SILKIMJÚK

Mutti passata er sætt, rjómakeennt, fallega rautt og með mjúka áferð. Innihald: Tómatar 99,5%, salt.



MUTTI TÓMAT ÞYKKNI

BRAGÐMIKIÐ

Mutti tómat paste býr yfir miklum krafti og er fullt af bragði. Djúpur rauður litur, mikið bragð og þétt áferð. Innihald: Tómatar 99,5%, salt.



MUTTI PIZZA SÓSA

PIZZUR ERU LISTAVERK

Mutti pizza sósan er bragðmikil og hefur þetta áferð. Hún dreyfist jafnt yfir pizzuna og gefur hárrétt bragð og lit til þess að gera hverja pizzu einstaka.

Innihald: Tómatar 99,2%, salt, basil 0,05%, oregano 0,04%, laukur 0,03%, náttúruleg bragðefni.



MUTTI SAN MARZANO

TOPPURINN Í SÓSUGERÐ

Mutti San Marzano plómu tómatar hafa sætt bragð og lágt sýruhlutfall. Þeir eru þekktir fyrir þétt aldinkjöt, djúpan rauðan lit, húð sem auðvelt er að fjarlægja og lágt hlutfall af fræjum. Þykja bestu tómatarnir í pasta og pizzasósur.


Innihald: Flysjaðir San Marzano tómatar og San Marzano tómat safi.





Ég hef verið afar heppinn og leikið t.d. á móti fallegustu leikurum í heimi eins og Kate Winslet, Cate Blanchett, Sölmú Hayek og Goldie Hawn. En sá allra fallegasti er Johnny Depp.

- *Geoffrey Rush.*




Fólk sem kemst í mína stöðu hefur yfir engu að kvarta og á ekki að kvarta. Það væri skammarlegt af mér að kvarta. Þú munt aldrei heyra mig kvarta.

- *Chris Pine, spurður hvað honum þætti verst við frægðina.*



Ég hugsa oft til baka eins og aðrir og á bæði góðar og slæmar minningar. Ein af þeim verstu er hversu leiðinlegur ég var við David Lynch þegar við gerðum *Fílamanninn*. Ég skrifaði honum bréf nokkrum árum síðar og baðst afsökunar á framkomu minni.

- *Anthony Hopkins.*



Ég sé marga leikara tala um að eitthvert hlutverkið sem þeir tóku að sér hafi verið erfið vinna. Þetta er bull. Að leika er ekki erfið vinna. Maður þarf bara að muna línurnar.

- *Jon Hamm.*



Ég var algjörlega heilluð af Arnold Schwarzenegger þegar ég var lítil, fannst hann bara sá allra besti, finnst það enn og hef séð allar myndir hans, sumar mörgum sinnum eins og *The Terminator* sem er uppáhaldsmyndin mín. Þess vegna líka heitir hundurinn minn Arnie.

- *Kaya Scodelario.*



Madonna leikstýrði sjálf dansatriðunum og samdi flesta dansana. Hún kennið okkur að á bak við hverja einustu hreyfingu væri tilgangur og meaning og setti allt upp eins og um leikrit væri að ræða. Þess vegna fannst mér ég ekki síður vera leikkona en dansari þegar ég starfaði með henni.

- *Sofia Boutella.*



Ég hef aldrei hitt leikara sem langaði ekki til að vera leikari. Þetta er bara innbyggð þörf, jafnvel þörf fyrir að láta sér líða vel því leikurum líður hvergi betur en á sviðinu.

- *Stanley Tucci.*




Ég elska myndir Woody's Allen og hef alltaf vonað að hann myndi hafa samband. Það hefur hins vegar ekki gerst þannig að ég sendi honum bréf um daginn og *House of Card*-þættina og spurði hvort hann vantaði leikara. Hann skrifaði mér þakkarbréf til baka og sagðist myndu íhuga málið. Nú bið ég bara og vona.

- *Kevin Spacey.*



Við Kurt höfðum bæði reyntu af hjónabandi, ég meira að segja af tveimur. Við vissum því að hjónaband myndi ekki gera neitt fyrir okkur. Svo kom í ljós að það var miklu skemmtilegra að vera kærustupar en hjón.

- *Goldie Hawn, en hún og Kurt Russell hafa verið kærustupar í 47 ár.*



Ég hef leikið margar furðulegar mannverur í gegnum árin og haft gaman af, en trúðu mér að ég hef ekki haft mikinn áhuga á að kynnast sumum þeirra meira og betur en ég þurfti.

- *Ty Burrell.*



Ég var feitasta barnið í Clarke-sýslu. Það kom mynd af mér í bæjarblaðinu því ég leit út eins og verðlaunanæpa.

- *Billy Bob Thornton, sem fæddist í bænum Hot Springs í Arkansas.*



Munurinn á frægð og frama er að frægðin snýst um ferilskrána en framinn snýst um vinnuna.

- *Liev Schreiber.*



Ég gleymi aldrei deginum þegar ég uppgötvaði að ég myndi aldrei verða Ford-módel.

- *Amy Schumer.*



Nei, nú er ég hætt.

- *Scarlett Johansson, eftir að hún skildi formlega við eiginmann sinn, Romain Dauriac.*



Ég þurfti nú ekki annað en að líta á meðleikarana, Kevin Spacey, Jamie Foxx, John Hamm ... heyrðu, réttu mér pennann.

- *Ansel Elgort, um hvað fékk hann til að leika í *Baby Driver*.*



Ég vissi bara ekki um neitt annað starf sem gaf manni kost á að breyta stöðugt um umhverfi og gera stöðugt eitthvað nýtt.

- *Brie Larson, spurð af hverju hún ákvað að gerast leikkona.*

NÝSTÁRLEGAR BLÖNDUR



**YFIR 20
TEGUNDIR
AF LJÚFFENGUM
KAFFIBLÖNDUM**





X-Men: Dark Phoenix

Ofurhetjur / Ævintýri




Aðalhlutverk: Sophie Turner, Jessica Chastain, James McAvoy, Evan Peters, Nicholas Hoult, Jennifer Lawrence, Michael Fassbender, Kodi Smit-McPhee, Tye Sheridan og Alexandra Shipp **Leikstjórn:** Simon Kinberg **Útgefandi:** Síminn

2. október



Veistu svarið?

Sophie Turner, sem leikur Jean Grey og þar með tilpösnuna í *Dark Phoenix*, hefur átt góðu gengi að fagna í leiklistarheiminum síðan hún sló í gegn sem Sansa Stark í *Game of Thrones*-þáttunum. En hvaða þekktu tónlistarmann gekk hún að eiga 19. maí sl.?




© 2019 Twentieth Century Fox Film Corporation

Allir eiga sér dekkri hlið

Þegar alvarleg bilun í geimskutlu ógnar lífi geimfaranna í henni fær NASA Charles Xavier til að setja saman björgunarteymi úr hópi X-manna. Aðgerðin heppnast með þeirri undantekningu að Jean Grey verður fyrir gríðarlega öflugri sólareldingu sem hefði átt að ganga af henni dauðri en kallar þess í stað fram í henni nýja og illa útgáfu af persónu sem nefnist Dark Phoenix.

X-Men: Dark Phoenix er tólfta *X-Men*-myndin í seríunni sem Bryan Singer hleypti af stokkunum árið 2000 og um leið sjöunda myndin í meginsögunni, þ.e. fyrir utan hliðarmyndirnar *X-Men Origins: Wolverine*, *The Wolverine*, *Logan* og *Deadpool*-myndirnar tvær. Hún gerist árið 1992, nokkrum árum eftir atburðina í *X-Men Apocalypse*, þegar X-fólkið hefur um nokkurt skeið lifað í sátt og samlyndi við aðra Jarðarbúa og um leið gegnt mikilvægu hlutverki í samfélaginu þar sem hæfileikar þeirra hafa verið notaðir til góðs. Því mikilvæga jafnvægi er nú ógnað þegar Dark Phoenix yfirtekur líkama Jean Grey enda býr hún m.a. yfir ógnarkrafti sólarinnar og er sterkari en allir hinir X-mennirnir til samans. Hvað er til ráða gegn slíkri ógn?



Það er enska leikkonan Sophie Turner sem leikur Jean Grey eins og hún gerði í *X-Men: Apocalypse*, en Sophie er einnig þekkt fyrir að leika Sönsu Stark í *Game of Thrones*-sjónvarpsþáttunum.

Punktur

★★★★ - *Variety* ★★1/2 - *S.F. Chronicle* ★★1/2 - *E. Weekly* ★★1/2 - *Film Threat* ★★★ - *New York Post*. ★★★ - *Time Out* ★★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *CineVue* ★★★★★ - *IGN* ★★★★★ - *ReelViews*


• Sagan í myndinni er byggð á einni vinsælustu *X-Men*-sögunni, *The Dark Phoenix Saga*, sem kom upphaflega út árið 1980 og var í nokkrum bindum. Í hana hefur lauslega verið vísað í fyrri myndunum en hér hefur hún verið kvikmynduð í heild sinni í fyrsta sinn.



Jessica Chastain leikur dularfulla geimveru sem gerir hvað hún getur til að fá Phoenix til að snúast gegn félögum sínum og mannkyninu.



Hugh Jackman hefur tekið því frekar rólega að undanförunu í faðmi fjölskyldunnar heima í Sídney í Ástralíu þar sem hann skellti sér á Bondi-ströndina 1. ágúst og í sjósund. Hér sést hann skola af sér saltið eftir þá sundferð.



Eftir ferðalög um allan heim til að kynna og fylgja eftir myndinni *Hobbs & Shaw* leyfði Jason Statham sér að fá sér eina kollu á hinum nýuppgerða Rock & Reilly-bar á Sunset Boulevard í Hollywood þann 20. september.



Systurnar Chelsea og Liv Tyler skelltu sér á frumsýningu myndarinnar *Ad Astra* í Domekvikmyndahúsinu í Hollywood 18. september, en Liv leikur stórt hlutverk í henni. Eins og sést fékk pabbi gamli, Steven Tyler, að fljóta með.



Jonah Hill var spottaður á ferðinni í Los Angeles 17. september í þessum líka gullfallega bol og skóm í stíl. Þess má geta að hann er sagður eiga að fara með hlutverk The Riddler í væntanlegri Batman-mynd Matt Reeves.



Jon Hamm og Natalie Portman voru kát þar sem þau voru mætt á kvikmyndahátíðina í Toronto 11. september til að vera viðstödd frumsýningu myndarinnar *Lucy in the Sky* eftir Noah Hawley, en þau leika einmitt aðalhlutverkin í henni.



Renée Zellweger var líka mætt á kvikmyndahátíðina í Toronto til að vera viðstödd frumsýningu myndarinnar *Judy* þar sem hún leikur Judy Garland. Hermt er að hún sé nánast örugg með Óskarsverðlaunatilnefningu fyrir leik sinn.



Reyndu að hemja þig ...

Charlie er bókasafnsfræðingur sem þjáist af sjaldgæfum tauga- og vöðvasjúkdómi sem nefnist cataplexy en hann lýsir sér þannig að það líður yfir Charlie þegar hann upplifir mikla og ítrekaða tilfinningaspennu svo sem reiði, sorg og gleði.

Ode to Joy er ljúf og fyndin bresk gamanmynd þar sem húmorinn svífur alltaf yfir vötnunum en undir niðri er alvarleg saga því það er ekkert grín að þjáist af þeim sjúkdómi sem Charlie þjáist af og er ólækanlegur þar sem enginn veit hvað orsakar hann.

Vegna þessa ástands hefur Charlie lært að forðast aðstæður þar sem tilfinningum hans gæti verið ögrað og kann best við sig á bókasafninu eða heima hjá sér í ró og næði. Dag einn gengur hin bráðmyndarlega Francesca inn á bókasafnið og innan nokkurra daga á hún eftir að snúa lífi Charlies algerlega á hvolf ...

Punktur

★★★★ - *Film Threat* ★★★1/2 - *L.A. Times*

★★★★ - *N.Y. Times* ★★★★ - *RogerEbert.com*

• Myndin er byggð á sögu eftir Chris Higgins sem aftur byggði hana á persónulegri reynslu.

Aðalhlutverk: Martin Freeman, Morena Baccarin, Jake Lacy, Melissa Rauch, Shannon Woodward og Adam Shapiro
Leikstjórn: Jason Winer **Útgefandi:** Sena



Emma Roberts, sem er nýbúin að leika í tryllinum *The Hunt*, var afslöppuð í haustsólinni í Los Angeles 20. september þar sem hún keypti tvo drykki fyrir sig og ónefndan vin.



Rómantísk kómedía 3. október



Alvin!!! og íkornarnir

Stórskemmtileg teiknimyndasýrpa um ævintýri sex eldförugra íkornabarna sem eru stöðugt að lenda í alls konar ævintýrum og óvæntum uppákomum, uppeldisföður þeirra, Davíð, oftast en ekki til mikillar mæðu.

Þessir þættir komu fyrst út í mars 2015 og slógu þegar í gegn á bandarísku og frönsku Nickelodeon-sjónvarpsstöðvunum. Í framhaldinu hafa þeir verið sýndir víða og alls staðar verið vel tekið. Hér segir frá hinum ókvænta Davíð sem tekið hefur að sér að ala upp sex íkornakrakka, þrjá stráka og þrjár stelpur. Það gengur því að sjálfsgöðu mikið á á heimilinu því íkornakrakkarnir eru hugmyndaríkir með eindæmum og óhræddir við að feta nýjar slóðir í hverju því sem þeir taka sér fyrir hendur. En stundum þrýtur Davíð þolinmæðina og þegar það gerist kallar hann yfir sig: „ALVINNN!!!“



L Íslenskt tali



Teiknimyndir með íslensku tali um sex íkornakrakka og ævintýri þeirra **Útgefandi:** Myndform

Barnaefni

4. október





Pegar kona breytist í hund

Pau Bill og Jill eru hjón í millistétt sem eignast hafa fjögur börn en hafa alla tíð átt í ströggli við að halda sér fjárhagslega réttum megin við strikið. Bill hefur þurft að vinna myrkranna á milli á meðan Jill hefur þurft að vera heima með börnin og svo fer að hún bugast af allri pressunni og breytist í hund.

Eins og flestir geta lesið út úr innganginum hér að ofan inniheldur *Bitch* frekar súrrealíska sögu enda veit Bill vart sitt rjúkandi ráð þegar hann kemur eitt sinn heim og krakkarnir hafa lokað mömmu sína niðri í kjallara þar sem hún gæltir og urrar og er vís með að bíta hvern þann sem reynir að nálgast hana. Læknar og félagsleg yfirvöld standa ráðþrota gegn þessu og Bill verður að gjöra svo vel og taka sér frí í vinnunni til að hugsa um börnin. Við það fær hann hjálp frá systur sinni, Beth, en spurningin er hvort hann láti ekki að lokum sjálfur undan pressunni ...

Punktur

★★★★ - *New York Times* ★★★1/2 - *Film Stage* ★★★1/2 - *IndieWire*
 ★★★1/2 - *Los Angeles Times* ★★★★ - *Variety* ★★★ - *Movie Nation*

- *Bitch* vann til fyrstu verðlauna á Fantasy-kvikmyndahátíðinni í Montreal í Kanada fyrir handritið sem leikstjórinn Marianna Palka skrifaði. Hún leikur einnig Jill Hart sem breytist dag einn í hund í myndinni.



Brighton Sharbino og Jason Ritter sem feðginin Bill og Tiffany Hart í *Bitch*.

- Jason Ritter, sem leikur hinn örvinglaða eiginmann og föður, Bill Hart, er eins og nafnið bendir til sonur Johns Ritter og Nancy Morgan.

- Þess má geta að þau Jason Ritter og leikstjórinn Marianna Palka voru par á árum áður og hann lék líka í fyrstu mynd hennar, *Good Dick*, árið 2008.



Aðalhlutverk: Jason Ritter, Marianna Palka, Jaime King og Brighton Sharbino **Leikstj.**: Marianna Palka **Útg.:** Myndform

Kolsvart grín

4. október

Svikari eða föðurlandsvinur?

Þann 2. mars árið 2003 birtu blaðamenn breska blaðsins *The Observer* grein þar sem þeir sýndu fram á að þjóðaröryggisstofnum Bandaríkjanna, NSA, hafði skipulagt, eða reynt að skipuleggja, ólöglegar hleranir í húsakynnum Sameinuðu þjóðanna til að afla fylgis við innrásina í Írak. Þetta er saga Katharine Gun, uppljóstrarans sem kom þessum upplýsingum til blaðsins.

Málið vakti að vonum mikla athygli og olli gríðarlegum titringi innan ríkisstjórna Breta og Bandaríkjanna. Böndin bárust strax að Katharine sem var handtekin 5. mars og m.a. sökuð um njósnir. Hún játaði strax að hafa lekið sönnununum til *The Observer* og í gang fór sérstæður málarekstur sem verður lengi í minnum hafður ...

Punktur

★★★★1/2 - *The Observer* ★★★★★ - *Vulture* ★★★★★ - *Los Angeles Times*
 ★★★★★ - *Screen Daily* ★★★1/2 - *Wash. Post* ★★★★★1/2 - *Entert. Weekly*
 ★★★1/2 - *H. Reporter* ★★★★★1/2 - *W.S. Journal* ★★★★★1/2 - *C. Sun-Times*

- Handrit myndarinnar, sem þykir meistaralega skrifað af leikstjóranum Gavin Hood og þeim Söru og Gregory Bernstein, er byggt á bókinni *The Spy Who Tried to Stop a War: Katharine Gun and the Secret Plot to Sanction the Iraq Invasion* eftir hjónin og blaðamennina Thomas og Marciu Mitchell.



Keira Knightley leikur Katharine Gun og þykir hreint út sagt frábær í hlutverkinu.

- Myndin er gerð með fullu samþykki Katharine Gun og blaðamannanna sem birtu fyrst upplýsingar hennar, Martins Bright og Ed Vulliamy. Þess má geta að á YouTube er að finna einkar fróðlegt viðtal við þá og Katharine um efni myndarinnar.



Aðalhlutv.: Keira Knightley, Matthew Goode, Rhys Ifans og Ralph Fiennes **Leikstj.:** Gavin Hood **Útg.:** Myndform

Sannsógulegt

4. október

Lengi lifi konungurinn!

Godzilla: King of the Monsters er óbeint framhald myndarinnar *Godzilla* sem kom út árið 2014 og naut mikilla vinsælda enda þrælgóð mynd í alla staði. Hér heldur ævintýrið áfram og í þetta sinn þarf Godzilla m.a. að takast á við hið þríhöfða skrímsli Ghidorah sem ætlar sér alheimsyfirræð, en í þeim hrikalegu átökum má mannfólkið síns frekar lítils – eða hvað?

Þeir sem kunnu að meta 2014-myndina um Godzillu verða örugglega ekki fyrir vonbrigðum með þessa sem er jafnframt þriðja myndin í hinum svokallaða *MonsterVerse*-myndaflökki, en til hans telst einnig myndin *Kong: Skull Island* sem kom út haustið 2017. Um leið er *Godzilla: King of the Monsters* undanfari fjórðu myndarinnar, *Godzilla vs. Kong*, sem kemur væntanlega út að ári liðnu.

Fyrir utan Godzillu koma hér við sögu ýmis önnur skrímsli sem tilheyra sögunni um hana, svo sem Mothra og Rodan ásamt þríhöfðanum Ghidorah sem eirir engu sem í vegi hans stendur. Í gang fer hrikaleg barátta, annars vegar á milli skrímslanna og hins vegar á milli manna sem hafa mismunandi sýn á hvernig höndla eigi ástandið – og um leið á stefnuna sem framtíð mannkynsins tekur ...




Godzilla: King of the Monsters

Ævintýri / Spenna / Hasar



Aðalhlutverk: Vera Farmiga, Millie Bobby Brown, Kyle Chandler, Bradley Whitford, Sally Hawkins, Charles Dance, O'Shea Jackson Jr., David Strathairn, Ken Watanabe og Zhang Ziyi **Leikstjórn:** Michael Dougherty **Útgefandi:** Síminn

7. október



Hið ægilega þríhöfða skrímsli Ghidorah, sem er erkióvinur Godzillu og hennar langsterkasti mótherji, kemur mikið við sögu í myndinni.

Veistu svarið?

Kyle Chandler leikur stórt hlutverk í myndinni en hann á 30 ára leikferil að baki og hefur leikið í mörgum þekktum myndum. Kyle leikur einnig stórt hlutverk í hinum frábæru sjónvarpsþáttum *Catch 22* sem sýndir eru í Sjónvarpi Símans. Hver samdi þá þrælgóðu sögu?



Joseph Heller




Millie Bobby Brown og Vera Farmiga leika mæðgurnar Madison og Emmu, en Emma hefur fundið upp tækni sem gerir henni kleift að ná sambandi við skrímslin ógurlegu. Vegna þeirrar vitneskju er þeim mæðgum rænt af fólki sem vill stjórna skrímslunum í eigin þágu.

Punktar

★★★★1/2 - *The Wrap* ★★★★★ - *IGN* ★★★★★1/2 - *RogerEbert.com*
 ★★★★★1/2 - *C. Tribune* ★★★★★1/2 - *Film Threat* ★★★★★1/2 - *Screen D.*
 ★★★★★1/2 - *Hollyw. Reporter* ★★★★★1/2 - *Paste* ★★★★★1/2 - *ReelViews*

• *Godzilla: King of the Monsters* er fyrsta bíómyndin sem hin fimmtán ára gamla Millie Bobby Brown leikur í en hún vann til ótal verðlauna og hlaut m.a. tvær Emmy-tilnefningar fyrir leik sinn í sjónvarpsseríunni *Stranger Things* og er almennt talin ein efnilegasta leikkona Bandaríkjanna nú um stundir þótt Bretar telji sig eiga alveg jafnmikið í henni þar sem báðir foreldrar hennar eru Bretar.





Raunveruleiki eða ímyndun?

Eftir að unnusta teiknarans Bennys deyr ákveður hann að halda til Íslands þar sem hann vonast til að jafna sig á áfallinu og ná áttum á ný. Það á eftir að mistakast.

Spell er þrælgóð mynd eftir Brendan Walter sem gerist að nánast öllu leyti á Íslandi. Málið með Benny er að hann þjáist af geðkvillum sem eiga það til að ræna hann raunveruleikaskyninu. Hann heldur einkenninum niðri með lyfjum og til að byrja með virðist Íslandsferð hans ætla að heppnast með miklum ágætum þegar hann hittir skemmtilega Íslendinga, þ. á m. unga konu sem hann sefur hjá. Vandamálin byrja hins vegar að tikka inn þegar hann klárar lyfin sín og ruglast svo í ríminu í gönguferð í óbyggðum að ómögulegt er að segja til um upp á hverju hann tekur. Sjáið góða stíkluna.



Gamandrama

10. október



Punktar

- Kraftmikil tónlistin í myndinni er eftir Patrick Martin Stumph, aðalsöngvara hljómsveitarinnar Fall Out Boy.
- Sagan í Spell er eftir aðalleikarann, Barak Hardley, sem einnig skrifaði handritið ásamt leikstjóranum Brendan Walter og Jon Lullo.

Aðalhlutverk: Barak Hardley, Jackie Tohn, Magnús Jónsson, Birna Rún Eiríksdóttir, Tom Wright og Stacey Moseley **Leikstjórn:** Brendan Walter **Útgefandi:** Sena

Endurútgáfa: Zombieland




Bíómyndin *Zombieland* sem varð einn óvæntasti smellur ársins 2009 verður endurútfengin á VOD-leigunum 10. október í tilefni af því að framhaldsmyndin *Zombieland: Double Tap* kemur í bíó 25. október.

Zombieland gerist einhvern tíma í náinni framtíð þegar skæð plága hefur breytt meirihluta fólks í snælduvitlausa og blóðþyrsta uppvakninga. Við kynnumst hér hinum unga Columbus sem er á leið til Ohio til að gá hvort foreldrar hans séu enn á lífi. Á leiðinni hittir hann hinn fjallahessa Tallahassee og slæst í för með honum, og síðan systurnar Wichita og Little Rock sem ætla reyndar fyrst að ræna piltana en ganga síðan í lið með þeim. Hersinginn tekur svo stefnuna á Los Angeles þar sem systurnar halda að eftirlifendur haldi sig og framundan er ævintýri sem er engu líkt ...



Aðalhlutverk: Martin Freeman, Morena Baccarin, Jake Lacy, Melissa Rauch, Shannon Woodward og Adam Shapiro **Leikstjórn:** Jason Winer **Útgefandi:** Sena



Krókar á móti brögðum

Bertrand Valade er svindlari sem stal bókahandriti frá deyjandi rithöfund og gaf það út undir eigin nafni. Bókin sló í gegn og nú er Bertrand undir mikilli pressu að skila af sér annarri bók sem hann hefur enga hugmynd um hvernig á að skrifa. Þegar hann hittir hina reyndu Evu breytist allt hans líf.

Eva er nýjasta mynd franska leikstjórans og handritshöfundarins Benoît Jacquot en hún er byggð á samnefndri skáldsögu rithöfundarins James Hadley Chase sem kom út árið 1945. Þegar Bertrand hittir Evu í fyrsta sinn heillast hann af fegurð hennar og þokka en gerir þau mistök að halda að hann geti vafið henni um fingur sér. Hann kemst ekki að því fyrr en of seint að það er hún sem hefur tögl og hagdir í sambandi þeirra og að í gang er farinn hinn sígildi leikur kattarins að músinni ...



Isabelle Huppert og Gaspard Ulliel í hlutverkum sínum í myndinni.



Aðalhlutverk: Isabelle Huppert, Gaspard Ulliel, Julia Roy og Richard Berry **Leikstjórn:** Benoît Jacquot **Útg.:** Myndform

Spennudrama

11. október

Gæludýr hafa líka tilfinningar

Hundurinn Max og öll gæludýrin sem hann þekkir fara sem fyrr á kostum í *Leynilífi gæludýra 2* sem kemur út á DVD- og BluRay-diskum 10. október. Sem fyrr skyggnumst við hér á bak við tjöldin í lífi gæludýranna og fáum að sjá enn betur en síðast hvað þau taka sér fyrir hendur þegar eigendurnir sjá ekki til.

Það þarf ekki að hvetja neina sem eignuðust fyrri myndina til að eignast þessa líka en þær eru gerðar af sömu aðilum og gerðu *Aulinn ég-myndirnar* og myndirnar um litlu gulu skósvainana. Þeir sem kunnu að meta þann húmor mega alls ekki missa af þessari!

Punktur

- Myndin kemur út bæði með íslenskri talsetningu og enskri en í henni eru það m.a. þau Kevin Hart, Dana Carvey, Jenny Slate, Lake Bell, Patton Oswalt, Eric Stonestreet, Harrison Ford (sem hér ljær teiknimyndapersónu rödd sína í fyrsta sinn), Tiffany Haddish, Nick Kroll og Bobby Moynihan sem tala fyrir helstu persónurnar.




Leynilíf gæludýra 2

Teiknimynd



Íslensk talsetning: Sigurður Þór Óskarsson, Eyþór Ingi Gunnlaugsson, Hilmir Snær Guðnason, Stefanía Svavarsdóttir, Halldór Gylfason, Valdimar Örn Flygenring, Salka Sól Eyfeld Hjálmarsdóttir, Björgvin Frans Gíslason, Selma Lóa Björnsdóttir, Vigdís Hrefna Pálsdóttir, Ævar Þór Benediktsson og fleiri **Leikstjórn:** Selma Lóa Björnsdóttir
Útgefandi: Myndform

10. október



Sagan af Ragnari loðbrók og ættingjum hans

Vikings-þættirnir segja frá hinum sigursæla Ragnari loðbrók, mönnum hans, fjölskyldu og afkomendum sem nú halda nafni hans og arfleifð á lofti.

Ragnar loðbrók, sonur Sigurðar hring Danakonungs og tengdasonur Sigurðar Fáfnisbana, var fæddur á ofanverðri áttundu öld og segir sagan að hann hafi verið mestur allra víkinga, enda telja margir að hann hafi verið í náðinni hjá Óðni. Af honum fer einnig það orð að enginn hafi verið snjallari honum í herkænsku og þótt heilu herirnir hafi verið sendir á móti honum og mönnum hans bæði í Englandi og Frakklandi tókst honum ávallt að blekkja alla sína óvini og fanga þau verðmæti sem hann sóttist eftir. Í þessum seinni hluta fimmtu seríu þáttanna er Ragnar reyndar horfinn á braut en eftir standa menn hans, fjölskylda og synir sem hafa fengið það verkefni að feta í fótspor hans og halda arfleifð hans á lofti.



Aðalhlutv.: Gustaf Skarsgård, Katheryn Winnick og Alexander Ludwig **Leikstjórn:** Ýmsir **Útgefandi:** Myndform

Víkingar

11. október

Ekkert er ómögulegt

Sönn saga Saliya Kahawatte sem dreymdi um að fá starf á lúxushótelinu Bayerischer Hof í München og ákvað því að sækja um. Það var bara eitt vandamál: Saliya var svo sjóndapur að segja má að hann hafi verið blindur.

Það er oft sagt að sannleikurinn geti verið lygilegri en lygin sjálf og það á við í tilfelli Saliya Kahawatte sem fékk dag einn starf sem þjónn á Bayerischer Hof-hótelinu þrátt fyrir að vera nánast blindur. Honum tókst á ótrúlegan hátt að leyna þessari fötlun fyrir starfsmannastjóranum sem réð hann og í nokkra daga vann hann á hotelinu án þess að upp um hann kæmist. En auðvitað kom að því að lokum að vinnufélagar hans áttuðu sig á því að Saliya sá ekki handa sinna skil, en þá hófst líka önnur og jafnvel enn lygilegri atburðarás sem við förum ekki nánar út í hér.

Mein Blind Date mit dem Leben þykir ákaflega skemmtileg mynd í alla staði og fer í flokk með bestu „feel good“-myndum ársins. Þess má geta að öll atriðin sem gerast á hotelinu voru í raun tekin upp á Bayerischer Hof-hótelinu þar sem sagan gerðist.



Kostja Ullmann leikur hinn sjóndapra Saliya í þessari skemmtilegu mynd.



Aðalhlutv.: Kostja Ullmann, Jacob Matschenz, Anna M. Mühe og Nilam Farooq **Leikstj.:** Marc Rothemund **Útg.:** Myndform

Sannsögulegt

11. október



Njósna­rinn sem hvarf

Þegar Rachel, sem er fyrrverandi njósna­ri ísraelsku leyniþjónustunnar, hverfur sporlaust í London hefst rannsókn á afdrifum hennar enda óttast yfirmenn Mossad að hún búi enn yfir vitneskju sem í óvina­höndum gæti reynst Ísrael stórhættuleg.

Fólk sem kann að meta góðar og trúverðugar njósnasögur ætti að kíkja á þessa mynd sem sagt hefur verið um að innihaldi sanna sögu sem þó gerðist aldrei og mega menn lesa í þau orð það sem þeir vilja. Martin Freeman leikur hér fyrrverandi tengilið Rachelar sem er fenginn til að rannsaka hvarf hennar og rifjar í leiðinni upp samstarf þeirra frá upphafi þegar Rachel var send til Írans að njósna um kjarnorkuáætlun Írana. Getur verið að hún hafi í raun aldrei verið sú sem hún þóttist vera?



Brie Larson mætti með dýrindis demantsskartgripi á sýningu skartgripisins Tiffany & Co. í Shanghai 19. september og brosti að sjálf­ sögðu sínu breiðasta við það tilefni.



Njósna­mynd

17. október



Punktur

★★★★ - *Variety* ★★★★★ - *N.Y. Times* ★★★★★ - *Screen*
★★★★ - *The Film Stage* ★★★★★ - *Movie Nation*

- Myndin er byggð á bókinni *The English Teacher* eftir ísraelska rithöfundinn Yiftach R. Atir, en hann er einnig fyrrverandi innanbúðar­maður í ísraelsku leyniþjónustunni.

Aðalhlutverk: Diane Kruger, Martin Freeman, Cas Anvar, Rotem Keinan, Lana Ettinger, Yohanan Herson og Yoav Levi
Leikstjórn: Yuval Adler **Útgefandi:** Sena

Bubbi byggir – Þriðji hluti nýrrar seríu

Þættirnir um Bubba hafa komið út síðan 1998 og í þessari 20. þáttaröð hefur bæði hann sjálfur og allt hans umhverfi breytt um svip!

Þótt þessir nýju þættir um Bubba, sem hófu göngu sína á DVD og á sjónvarps­leigunum 11. apríl, séu með öðru sniði en áður og útlitið og umhverfið hafi breyst er hjartað á sínum stað. Hér er um að ræða þriðja hluta seríunnar með þáttum 17 til 24 og við hvetjum að sjálf­ sögðu bæði gamla og nýja aðdáendur til að fylgjast með frá byrjun og upplifa þau fjölmörgu verkefni sem Bubbi tekur sér fyrir hendur ...

Punktur

- Þættirnir um Bubba byggja eru að sjálf­ sögðu vandlega talsettir á íslensku svo þau yngstu fá notið þeirra sem best en þýðandi er Hildigunnur Þráinsdóttir. Þau sem ljá persónunum raddir sínar eru m.a. Sigurbjartur Sturla Atlason, Aðalbjörn Tryggvason, Þórhallur Sigurðsson (Laddi), Valdís Eiríksdóttir, Íris Hólm Jónsdóttir, Bjarki Kristjánsson, Steinn Ármann Magnússon, Agla Bríet Einarsdóttir, Karl Pálsson, Þórdís Björk Þorfinnsdóttir og Gunnar Ólason.



Íslensk talsetning: Sjá leikara í punktum
Leikstjórn: Árni Ólason **Útgefandi:** Myndform

Barnaefni

18. október



Sumir draumar verða að rætast

Eftir að hafa aflplánað eins árs fangelsisdóm fyrir eiturlyfjasmygl þarf hin 23 ára gamla Rose-Lynn Harlan að finna fjölinna sína á ný, þ. á m. gagnvart tveimur börnum sínum sem hún þurfti að skilja eftir í umsjá móður sinnar.


Wild Rose er eftir breska leikstjórnann Tom Harper (*This Is England '86*, *Peaky Blinders*) og handritshöfundinn Nicole Taylor sem hlaut m.a. BAFTA-verðlaunin í fyrra fyrir handrit sitt að sjónvarpsseríunni *Three Girls*. Hér segja þau okkur hrifandi sögu af hinni ungu Rose-Lynn sem eftir eins árs fangelsisdvöl er harðákveðin í að láta reyna á þann draum sinn að gerast atvinnusöngkona í Nashville. En fyrst þarf hún að koma undir sig fótunum á ný og öðlast aftur traust og tiltrú sinna nánustu ...

Punktur

★★★★★ - *Wash. Post* ★★★★★ - *C. Tribune* ★★★★★1/2 - *Hollyw. Reporter* ★★★★★1/2 - *Variety* ★★★★★1/2 - *The Wrap* ★★★★★ - *Los Angeles Times* ★★★★★ - *R. Stone* ★★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *Telegraph* ★★★★★ - *Observer*

- *Wild Rose* hefur eins og sést hlotið toppdóma gagnrýnenda og er með 8,0 í meðaleinkunn á Metacritic, 7,3 í meðaleinkunn á Imdb.com og 93% „fresh“-einkunn á Rotten Tomatoes.

- Þótt Jessie Buckley, sem leikur Rose-Lynn, leiki hér skoska konu er hún sjálf írsk í húð og hár. Jessie er fyrir löngu orðin stórstjarna í heimalandinu, ekki bara fyrir leik heldur einnig fyrir söng og dans, og er spáð miklum alþjóðlegum frama á næstu árum. Hér á landi er hún sennilega þekktust fyrir leik sinn í *Chernobyl*-þáttunum þar sem hún lék Lyudmillu Ignatenko.



Jessie Buckley þykir aldeilis frábær í aðalhlutverki þessarar gæðamyndar.



Aðalhlutverk: Jessie Buckley, Julie Walters, Craig Parkinson og Sophie Okonedo **Leikstj.:** Tom Harper **Útg.:** Myndform

Drama/tónlist

18. október



Aðalhl.: Bel Powley, Jonah Hauer-King, Lisa Kongli og Sophie Cookson **Leikstj.:** Marius A. Markevicius **Útg.:** Myndform

Sannsögulegt

18. október

Ekki missa vonina

Hin 16 ára, listhneigða og hæfileikaríka Lina Vilkas býr ásamt foreldrum sínum og yngri bróður í Litháen árið 1941 og horfir björtum augum til framtíðarinnar þrátt fyrir að stríðsvélar bæði Hitlers og Stalíns séu ekki langt undan. Líf hennar og fjölskyldunnar umturnast síðan á einni nóttu þegar sovéska herlögreglan sendir hana í þrælkunarbúðir í Síberíu.

Þegar talað er um seinni heimsstyrjöldina beinast sjónir manna oft að grimmdarverkum nasista gegn gyðingum. Um leið vill það gleymast að aðrar þjóðir eins og t.d. þær sem bjuggu í löndunum við Eystrasalt þurftu líka að líða mikið í stríðinu. Þessi vandaða mynd segir eina sögu af mörgum af ógnarstjórn Stalíns ...

Punktur

★★★★1/2 - *Film Threat* ★★★ - *Los Angeles Times* ★★★ - *Hollyw. Reporter*

- *Ashes in the Snow* er byggð á metsölubók bandaríska rithöfundarins Rutu Sepetys, *Between Shades of Gray*, sem kom út 2011, fór í fyrsta sæti metsölulista New York Times og hefur verið þýdd á 27 tungumál.

- Þótt myndin sé hér flokkuð sem „sannsöguleg“ eru það í raun bara aðstæðurnar í henni sem eru sannar en persónurnar eru skáldaðar. Höfundur sögunnar, Ruta Sepetys, er sjálf af litháískum ættum og byggir frásögn sína á sögulegum heimildum og frásögnum fólks sem upplifði sjálft hinar grimmilegu þjóðhreinsanir Stalíns í seinni heimsstyrjöldinni.



Lisa Kongli og Bel Powley leika mæðgurnar Elenu og Linu Vikas í *Ashes in the Snow*.

Nei, hættu nú alveg!

Rex er einn af nokkrum konunglegu hundum Elísabetar Englandsdrottningar og nýtur ekki bara þeirra forréttinda að búa í Buckingham-höll heldur er hann uppáhaldshundur hennar hátignar. Dag einn kemur Donald Trump forseti Bandaríkjanna í heimsókn ásamt eiginkonu sinni, Melaniu, og tíkinni Mitzi sem fær þegar augastað á Rex. Þar með setur hún í gang atburðarás sem á eftir að leiða Rex í miklar ógöngur ...

Hundur hennar hátignar er eftir belgíska tvíeykið, teiknarana og leikstjórana Ben Stassen og Vincent Kesteloot sem eiga að baki margar þekktar teiknimyndir, t.d. myndirnar um skjaldbökkuna Samma, *Robinson Crusoe* og *Son stórfótar* sem allar voru sýndar í kvikmyndahúsum hér á landi og hafa notið mikilla vinsælda.

Hér kynnumst við Rex allt frá því að hann er pínulítill hvolpur og hrífur alla í Buckinghamhöll með krúttlegu útliti og ærslum sem þó ganga stundum fulllangt að mati starfsfólks hallarinnar. En Rex bíður einnig þraut sem á eftir að reyna verulega á hans innri hund ...




Hundur hennar hátignar

Teiknimynd



Íslensk talsetning: Orri Huginn Ágústsson, Þórhallur Sigurðsson (Laddi), Álfrún Helga Örnólfsdóttir, Hjálmar Hjálmarsson, Bjarki Kristjánsson, Íris Hólm Jónsdóttir, Steinn Ármann Magnússon, Aðalbjörn Tryggvason og Þórunn Jenný Qingsu Guðmundsdóttir
Leikstjórn: Tómas Freyr Hjaltason **Útgefandi:** Myndform

18. október



Auga fyrir auga, tönn fyrir tönn

Lucas er ungur maður sem hefur alist upp í umhverfi þar sem persónulegur ágreiningur á milli manna er oftast en ekki afgreiddur með ofbeldi. Þegar hann uppgötvar að skólafélagi hans er að fara á fjörurnar við 14 ára gamla systur hans, Corie, og neitar að láta hana í friði ákveður Lucas að láta hnefana tala ... en með margfalt alvarlegri afleiðingum en hann grunaði.

Juveniles er fyrsta mynd leikstjórans og handritshöfundarins Nicos Sabenorio og gerist í veruleika sem flestum er sem betur fer lítt kunnur. Við kynnumst hér hinum unga Lucasi, fjölskyldu hans og skólafélögum, en Lucas er undir mikilli pressu að klára námið með einkunnum sem nægja til að fá skólavist í framhaldsskóla enda lítur hann á það sem leiðina út úr þeim ömurlegu aðstæðum sem hann hefur alist upp við. En Lucas er u.þ.b. að fara að gera stærstu mistök lífs síns ...



Beau Knapp leikur Lucas sem tekur afdrifaríka ákvörðun til að verja heiður systur sinnar.



Aðalhlutv.: Beau Knapp, Stephen Moyer, Jessica Rothe og Trevor Jackson **Leikstj.:** Nico Sabenorio **Útg.:** Myndform

Spennudrama

18. október



Rob Lowe tók sig bara vel út í slökkviliðsbúningnum 18. september á Times Square í New York þar sem hann var að leika í væntanlegum sjónvarpsþáttum eftir Ryan Murphy sem nefnast 9-1-1: Lone Star.



Breski leikarinn Hugh Bonneville mætti í þessum iðjagrænu jakkafötum á frumsýningu myndarinnar *Downton Abbey* í New York 16. september, en eins og allir vita leikur hann eitt aðalhlutverkið í henni, Robert Crawley lávarð.



Það fór vel á með þeim systkinum Alison og Scott Eastwood þar sem þau mættu á opnun listsýningar sameiginlegs vinar, Stacy Poitras, í Los Angeles 14. september. Ekkert bólaði þó á pabba þeirra, Clint, við þetta tækifæri.

Þú kemst inn. En kemstu út?

Þegar öllum íbúum bæjarfélagsins Coral Lake á vesturströnd Flórída er skipað að yfirgefa bæinn þar sem fellibylur af allra stærstu gerð er við það að ganga yfir svæðið með tilheyrandi flóðum uppgötvar Haley Keller að faðir hennar, Dave, svarar ekki kalli. Þvert á ráðleggingar yfirvalda heldur hún því inn í bæinn, staðráðin í að finna föður sinn áður en það er of seint.

Góðir og hraðir spennutryllar eru myndir sem stór hluti kvikmyndaunnenda kann að meta og má því reikna með að *Crawl* eigi eftir að gera það gott þegar hún kemur á VOD-leigu Símans 23. október.

Leit Haley að föður sínum ber árangur þegar hún kemur að honum slösuðum og rænulausum í kjallara húss síns. En þar með er björgunin rétt að byrja því nú þurfa þau feðgin að komast undan hinum gríðarpunga stormi og ekki síður kraftmikilli flóðbylgjunni sem hann ber með sér og á eftir að færa bæinn í kaf innan skamms. Og eins og þetta sé ekki nóg þá fylgir flóðbylgjunni urmull af svöngum krókodílum sem hefðu ekkert á móti því að hafa þau feðgin í matinn ...



Crawl

Tryllir



Aðalhlutverk: Kaya Scodelario, Barry Pepper, Ross Anderson, Anson Boon, Jose Palma, Morfydd Clark, Annamaria Serda og Colin McFarlane **Leikstjórn:** Alexandre Aja **Útgefandi:** Síminn


23. október



Barry Pepper leikur föður Haley, Dave Keller.

Veistu svarið?

Aðalleikkona *Crawl*, hin breska Kaya Scodelario, er einna þekktust fyrir leik í sjónvarpsseríunum *Skins*, *Spinning Out* og *Southcliffe* en lék líka stórt hlutverk í vinsælum bíó-þrileik sem var frumsýndur 2014, 2015 og 2018. Hvaða þrileik?



The Maze Runner.




Kaya Scodelario leikur hina hugdjörfu Haley sem þarf að leggja líf sitt undir í tilraun til að bjarga föður sínum frá vísam dauða.

Punktar

★★★★1/2 - *Slate* ★★★★★1/2 - *Vulture* ★★★★★ - *Paste Magazine*
 ★★★★★ - *IGN* ★★★★★1/2 - *Observer* ★★★★★1/2 - *Globe and Mail*
 ★★★★★ - *Hollyw. Reporter* ★★★★★ - *Guardian* ★★★★★ - *ReelViews*
 ★★★★★ - *Rolling Stone* ★★★★★ - *H. Reporter* ★★★★★ - *IndieWire*

• Leikstjóri myndarinnar, Alexandre Aja, á m.a. að baki endurgerð Wes Craven-myndarinnar *The Hills Have Eyes* árið 2005, sálfræðitryllana *Mirrors* (2008) og *The 9th Life of Louis Drax* (2016) og svo hinn stórmerka og þrælgóða ráðgátutrylli *Horns* frá árinu 2013.





Snöggar, snjallar, hættulegar!

Þann 15. nóvember næstkomandi verður þriðja bíómyndin um engla Charlies frumsýnd (sjá hinum megin í blaðinu) og af því tilefni verða tvær þær fyrri endurútgefnar á sjónvarpsleigunum, gömlum aðdáendum vafalaust til mikillar ánægju en ekki síður til að kynna þessar kjarna-konur fyrir nýjum kynslóðum kvikmyndaunnenda.

Charlie's Angels-myndirnar eru byggðar á samnefndum sjónvarpsþáttum frá áttunda áratug síðustu aldar sem nutu mikilla vinsælda og skörtuðu upphaflega í aðalhlutverkum þeim Kate Jackson, Farrah Fawcett og Jaclyn Smith, ásamt David Doyle í hlutverki yfirmanns þeirra, hins geðþekka John Bosley, sem kynnti englana fyrir nýjum verkefnum í hverjum þætti.

Fyrsta bíómyndin, *Charlie's Angels*, var frumsýnd í nóvember árið 2000 og varð eins og búist hafði verið við afar vinsæl, enda létt og skemmtileg í anda sjónvarpsþáttanna og með þremur að vinsælustu leikkonum heims á þeim tíma í aðalhlutverkum, Cameron Diaz, Drew Barrymore og Lucy Liu.

Mynd númer 2 var svo frumsýnd í júní 2003 og bar nafnið *Charlie's Angels: Full Throttle*. Hún var einnig með þeim Cameron Diaz, Drew Barrymore og Lucy Liu í hlutverkum þeirra Natalie, Dylan og Alex, en í þetta sinn var það Bernie Mac sem lék John Bosley. Kíktu á þessar myndir 24. október!



Aðalhlutv.: Cameron Diaz, Drew Barrymore, Lucy Liu og Bill Murray/**Leikstj.:** McG **Útg.:** Sena

Grínhasar

24. október

Elías bjargar málunum!

Norsku verðlaunateiknimyndirnar um björgunarbátinn Elías og vini hans eru allt í senn litríkar, myndar, fræðandi og hæfilega spennandi fyrir yngri kynslóðir áhorfenda.

Þættirnir um ráðagóða björgunarbátinn Elías og vini hans, Trolla, Kraneyju, Doppu, Kalla, Glað og alla hina, voru fastir póstar í barnatímum sjónvarpsins á árum áður og nutu mikilla vinsælda bæði smáfólksins og hinna fullorðnu, enda afar vandaðir í alla staði með góðum og gagnlegum boðskap sem á alltaf við. Í þessari útgáfu er að finna þætti 46–52 í seríu þrjú.



Teiknimyndir um dráttarbátinn Elías og vini hans
Íslensk talsetning **Útgefandi:** Myndform

Barnaefni

25. október



Aðalhlutverk: Ben O'Toole, Monica Bellucci og Caroline Ford
Leikstjórn: Kiah Roache-Turner **Útgefandi:** Myndform

Fantasía/hasar

25. október

Trúðu því sem þú sérð

Howard North er ósköp venjulegur náungi sem ásamt félagum sínum, Rangí, starfar við að hreinsa rotprær. Dag einn kemst hann að því, sér til mikillar furðu, að hann er ekki sá sem hann hélt hann væri heldur lykilmáður í æsilegri baráttu við ófrynilega djöfla sem undir stjórn hinnar meinillu Finnegan nota Internetið til að veiða mannlegar sálir og fá aldrei nóg.

Nekrotronic er eftir áströlsku bræðurna Kiah og Tristan Roache-Turner og hefur verið lýst sem vísindaskáldsögugrínrohlli eða sem brjálæðislegri blöndu af myndum eins og *Tron*, *The Matrix*, *Ghostbusters* og *Men in Black* með dassi af *Shaun of the Dead* til hliðar. Myndin byrjar rólega en um leið og Howard uppgötvar hver hann er í raun hefst hasar sem á fáa sína líka. Og sem betur fer á okkar maður hauka í horni í formi annarra mannlegra vera sem eins og hann eru fæddar djöflabanar ...



Ben O'Toole leikur skólptækninn Howard sem kemst að því sér til furðu einn góðan veðurdag að hann er ekki sá sem hann hélt hann væri!

Á sama tíma að ári ...

Allt frá æsku hafa þau Sarah og Nick verið vinir og hafa m.a. hist fyrir utan heimili Söruh á hverju ári fyrir jólin til að búa til snjókarl. Hins vegar hefur aldrei neitt verið á milli þeirra annað en vinskapur, en það heldur Sarah því hún veit ekki að allan þennan tíma hefur Nick verið ástfanginn af henni en aldrei þorað að segja það upphátt. Þegar nýr maður, Cole, sem er sannarlega ekki allur þar sem hann er séður, kemur inn í líf Söruh breytist allt.

Snowmance er ein af þessum léttu, rómantísku „feel good“-myndum frá MarVista-kvikmyndafyrirtækinu sem gerast oftast en ekki í hinum fullkomna heimi. Í þetta sinn er ævintýrabragur á sögunni því í ljós kemur að Cole er enginn venjulegur maður heldur sjálfur draumaprinsinn sem Sarah hefur alltaf langað til að kynnst og ef Nick vill ekki sitja eftir með sárt ennið þarf hann nú að grípa til róttækra ráða ...




Aðalhlutverk: Ashley Newbrough, Jesse Hutch og Adam Hurtig
Leikstjórn: Douglas Mitchell **Útgefandi:** Myndform

Rómantík

25. október



Ashley Newbrough og Jesse Hutch leika aðalhlutverkin í myndinni ásamt Adam Hurtig.



Ást við aðra sýn

Rómantísk og ljúf ástarsaga um New York-búana Natöshu og Daniel (Yara Shahidi og Charles Melton) sem fella hugi saman svo að segja strax eftir að þau hittast. Yfir sambandi þeirra hvílir þó sá skuggi að þar sem fjölskylda Natöshu kom ólöglega til Bandaríkjanna stendur til að vísa henni úr landi.

The Sun is Also a Star eftir leikstjórnann Ry Russo-Young er byggð á samnefndri met-sölibók Nicolu Yoon sem kom út árið 2016 og fylgdi í kjölfar fyrstu bókar hennar, ástarsögunnar *Everything, Everything*, sem var einnig kvikmynduð og kom út í fyrra með þeim Amöndlu Stenberg og Nick Robinson í aðalhlutverkum.

Þegar Daniel hittir Natöshu í fyrsta sinn verður hann svo hrifinn af henni að þegar hún segir honum að hún trúir ekki á ástina lofar hann henni því að ef hún eyði restinni af deginum með honum muni hún verða jafnástfangin af honum og hann er nú þegar af henni. Þar sem Natasha hefur engu að tapa tekur hún áskoruninni ...

Punktur

★★★★1/2 - *Seattle Times* ★★★★★1/2 - *IndieWire* ★★★★★1/2 - *Arizona Republic*
★★★★1/2 - *ReelViews* ★★★★★ - *R.Ebert* ★★★★★ - *R. Stone* ★★★★★ - *L.A. Times*



Aðalhlutverk: Yara Shahidi, Charles Melton, Anais Lee og John Leguizamo **Leikstj.**: Ry Russo-Young **Útg.:** Síminn

Rómantík

28. október

Jólaannir í leikskólanum

Jólin eru á næsta leiti og Teitur og allir vinir hans á leikskólanum hafa nóg að gera við að skreyta og skrifa jólasveininum hvað þau vilja fá í jólagjöf.

Brúðmyndirnar um Teit og félagana eru eftir þá sömu og gerðu myndirnar um hrútinn Hrein og félagana Wallace og Gromit. Þær eru fyrst og fremst ætlaðar yngstu áhorfendunum enda gerast þær að miklu leyti á leikskóla eins og þessi jólapáttur sem er óvenjulangur, eða 29 mínútur, en yfirleitt eru þessir skemmtilegu þættir um 10 mínútna langir. Svo mikið eru dýrin upptekin við jólaundirbúninginn að þau taka ekki eftir því að úti er skollin á þung snjókomu þannig að þau komast ekki heim. En auðvitað kann Teitur að gera gott úr öllu saman!



Brúðmynd um Teit og alla vini hans í leikskólanum
Útgefandi: Myndform

Barnaefni

25. október

Hið illa verður ekki lokað af

Eftir að hafa séð hvers megnug andsetna dúkkan Annabelle er ákveðið Warren-hjónin Ed og Lorraine að fara með hana heim til sín, loka hana inni í glerskáp sem hefur verið blessaður af presti og koma honum fyrir í rammgerðri geymslu í kjallara húss síns. En Annabelle lætur engan loka sig af til frambúðar.

Annabelle Comes Home er þriðja myndin úr sögu- og handritasmiðju James Wan og um leið sjöunda myndin í *The Conjuring*-seríunni sem hófst með samnefndri mynd árið 2013. Í þetta sinn er það Gary Dauberman sem sest í leikstjórstólinn í fyrsta sinn en hann er þó enginn nýgræðingur í kvikmyndagerð enda skrifaði hann handrit fyrri *Annabelle*-myndanna ásamt James svo og handrit *It*-myndarinnar og framhaldsins, *It, Chapter Two*, sem var frumsýnd í haust.

Þótt Warren-hjónin komi við sögu í myndinni er það dóttir þeirra Judy og vinir hennar sem þurfa að glíma við Annabelle í þetta sinn, því þegar Warren-hjónin bregða sér af bæ notar Annabelle tækifærið til að vekja upp illa anda sem búa í geymslunni auk síns eigin ...



Í byrjun myndarinnar ákveða Warren-hjónin að flytja dúkkuna Önnubelle heim til sín og loka hana inni í glerbúri í rammgerðri geymslu.


Annabelle Comes Home

Tryllir



Aðalhlutverk: Vera Farmiga, Patrick Wilson, Madison Iseman, Katie Sarife, Mckenna Grace, Stephen Blackheart, Michael Cimino, Steve Coulter, Paul Dean og Samara Lee **Leikstjórn:** Gary Dauberman **Útgefandi:** Síminn

28. október



Í geymslunni þar sem Annabelle er geymd eru einnig geymdir ýmsir aðrir munir sem eiga sér dularfulla sögu rétt eins og hún.

Veistu svarið?

Þetta er í fjórða sinn sem bandaríska leikkonan Vera Farmiga leikur Lorraine Warren en það gerði hún fyrst í *The Conjuring*, svo í framhaldsmyndinni *The Conjuring 2* og loks í *The Nun* þar sem systir hennar fór með aðalkvenhlutverkið. Hvað heitir hún?



Talissa Farmiga

Punktar

★★★★1/2 - *Globe & Mail* ★★★★★1/2 - *S.F. Chronicle* ★★★★★1/2 - *IGN*
 ★★★★★1/2 - *Variety* ★★★★★1/2 - *Film Threat* ★★★★★1/2 - *Paste Mag.*
 ★★★★★1/2 - *IndieWire* ★★★★★ - *RogerEbert.com* ★★★★★ - *Observer*

• Sagan í *Annabelle Comes Home* er beint framhald af sögunni í myndinni *Annabelle* frá árinu 2014, en myndin *Annabelle Creation* sem var frumsýnd 2017 er forsaga þeirrar myndar.

• Þótt McKenna Grace, sem leikur Judy, dóttur Warren-hjónanna, sé aðeins 13 ára á hún sjö ára leikferil að baki. Á meðal þekktara hlutverka sem hún hefur leikið má nefna hlutverk Tonyu Harding í *I, Tonya*, og hlutverk Carol Danvers í myndinni *Captain Marvel*, en í báðum þeim myndum lék hún auðvitað þessar persónur á sínum yngri árum.



Mckenna Grace leikur Judy, dóttur Warren-hjónanna Eds og Lorraine.



Yesterday

Rómantík / Tónlist / Gamanmynd



Aðalhlutverk: Himesh Patel, Lily James, Kate McKinnon, Ana de Armas, James Corden, Ed Sheeran, Lamorne Morris og Sophia Di Martino **Leikstjórn:** Danny Boyle **Útgefandi:** Myndform

31. október



Veistu svarið?

Leikstjórninn Danny Boyle á fjölbreyttan feril að baki enda hafa verkefni hans spannað allt frá hrollvekjum upp í léttar, rómantískar myndir eins og *Yesterday* og verðlaunamyndina *Slumdog Millionaire*. En hvað heitir fyrsta myndin sem hann sendi frá sér árið 1994?



Shallow Grave

Hefurðu heyrt um Bítlana?

Yesterday fjallar um tónlistarmanninn Jack Malik sem er alveg að gefast upp á að hafa í sig og á með tónlist þegar hann verður kvöld eitt fyrir bíl og missir meðvitund. Þegar hann vaknar er hann kominn inn í einhvers konar hliðarveröld þar sem Bítlarnir voru ekki til og enginn þekkir tónlist þeirra – nema hann.

Yesterday er nýjasta mynd Óskarsverðlaunaleikstjórans DANNYS BOYLE og er gerð eftir handriti Richards Curtis sem m.a. á að baki handrit og leikstjórn myndanna *Love Actually*, *The Boat That Rocked* og *About Time* auk þess sem hann skrifaði handritin að rómantísku gamanmyndunum *Four Weddings and a Funeral* og *Notting Hill*.

Þótt Jack reyni til að byrja með að segja fólki að lög eins og *Yesterday* og *I Want to Hold Your Hand* séu eftir Bítlana en ekki hann þá þýðir það ekki neitt því um þá hefur enginn heyrt áður og því síður heyrt þessi lög. Þetta leiðir fljótlega til þess að Jack verður heimsfrægur og eftirsóttur, bæði af aðdáendum og tónlistarútgefendum. En frægd-inni fylgir auðvitað falskur tónn sem Jack getur ómögulega hrist úr minni sér – en hvað getur hann gert þegar enginn trúir honum?



Það er breski leikarinn Himesh Patel sem leikur hér Jack Malik í sinni fyrstu bíómynd en hann er þekktur fyrir leik í ýmsum breskum sjónvarpsmyndum og þáttum, m.a. sem Tamwar Masood í *Eastenders*.

Punktar

★★★★1/2 - *Empire* ★★★★★ - *Film Threat* ★★★★★ - *Guardian* ★★★★★ - *The Telegraph* ★★★★★ - *IGN* ★★★★★1/2 - *Rolling Stone* ★★★★★1/2 - *ReelViews* ★★★★★1/2 - *R.Ebert.com* ★★★★★ - *N.Y. Post*

• Ed Sheeran leikur sjálfan sig í *Yesterday*, en hann átti einnig þátt í fjölbreyttu lagavali myndarinnar auk þess að semja dálítið af tónlistinni. Ed hefur sagt að Bítlarnir séu hans uppáhaldshljómsveit.



Lily James leikur kennarann Ellie sem hefur lengi verið skotin í Jack en glímir við að hann hefur eiginlega aldrei fattað það.



Toppmyndir



The Hustle

Tvær konur sem hafa sérhæft sig í alls kyns svikum og þrettum taka höndum saman um að svindla hressilega á forríkum mönnum og fá þá til að gefa sér hluta af auðæfum sínum. Allt gengur upp eins og í sögu þar til tæknifrómduðirinn og milljarðamæringurinn Thomas kemur til sögunnar.

Gamanmynd 12



Avengers: Endgame

Eftir að hinum máttuga Thanosi tókst það ætunarverk sitt að þurrka út helming mannkyns á Jörðu með einum fingrasmelli og krafti eilífðarsteinanna er þeim sem eftir lifa af Avenger-hópnum vandi á höndum. Geta þau snúið gjörðum Thanosi við og endurheimt allar þær ofurhetjur sem hann eyddi?

Ævintýri 12



Rocketman

Elton John þarf engar kynningar við enda hefur hann trónað á toppnum í popptónlistinni allar götur frá því hann sló fyrst í gegn árið 1970 með lagi sínu Your Song. Einn listarsaga hans nær mun lengra aftur í tímann en það og í þessari mynd leikstjórans Dexters Fletcher er farið yfir feril hans frá byrjun.

Sannsögulegt 12



Poms

Martha er orðin dálítið leið á hlutunum og ákveður að fara á ellihemili til að deyja (að eigin sögn). En undir hrjúfu yfirborðinu býr kraftur og áráðni sem kemur vel í ljós þegar hún fær þá hugdettu að stofna hvatningsveit ásamt hinum konunum á ellihemilinu og taka þátt í keppni fyrir 18 ára og eldri.

Gamanmynd 12



Plus One

Þau Ben og Alice hafa verið bestu vinir allt frá því þau hittust fyrst í menntaskóla og bjóða hvort öðru að koma með í alls konar veislur og mannfögnuði í stað þess að mæta einsömul. Vandamálið er að um leið halda flestir að þau séu þar þannig að þau þurfa stöðugt að vera að neita að svo sé. Gengur það upp?

Gamanmynd 16



John Wick: Chapter 3 Parabellum

Þriðja myndin um leigumörðingjann John Wick, sem í lok myndar númer tvö neyddist til að leggja á flóttu þegar ljóst varð að nánast hver og einn einasti leigumörðingi í heimi myndi innan klukkustundar hefja leit að honum til að drepa hann og innheimta verðlaunafé fyrir vikið. Hér sjáum við hvað gerist svo!

Hasarmynd 16



Pokémon Detective Pikachu

Harry Goodman er einkaspjari í borginni Ryme þar sem mannfólkið og póke-monar búa saman, að mestu í sátt og samlyndi. Þegar Harry hverfur dag einn sporlaust af skrifstofu sinni kemur það í hlut tvítugs sonar hans, Tims, ásamt fyrrverandi félagi Harrys, póke-mon-spjæranum Pikachu, að leysa málið

Fjölskyldumynd 9



Shazam!

Billy er 14 ára munaðarlaus strákur sem í byrjun sögunnar er að flytja inn á sitt sjöunda fósturheimili. Kvöld eitt þegar hann er á flóta undan strákum sem ætla að berjja hann lendir hann í nokkurs konar hliðarveröld þar sem dulrúfur karl gefur honum krafta til að breyta sér í fullorðnu ofurhetjuna Shazam!

Grínhasar 9



The Grinch

Hin sigldá saga dr. Seuss um ótuktina Trölla sem ákvað að stela jólujum frá íbúum Hver-bæjar kemur í ferskum og mjög myndum bönungisatgættum afir-tækisins Illumination sem gerði m.a. *Aulinn ég-myndirnar*, myndirnar vinsælu um litlu gulu Skósveinana, *Syndu og Leynilíf gæluðýra*.

Teiknimynd 6



Spider-Man: Into the Spi...

Spider-Man: Into the Spider-Verse er stórskemmtilegt hliðarævintýri frá hinum venjulegu *Spider-Man*-myndum þar sem aðalsöguhetjan Miles Morales telur sig hinn eina og sanna köngulóormann – en hefur auðvitað rangt fyrir sér. Myndin hlaut Óskarsverðlaunin sem besta teiknimynd ársins 2018.

Teiknimynd 6



Under the Silver Lake

Sam er 33 ára maður sem býr einn í leigubúð í fjölbýli. Nótt eina kynnist hann nágrannakonu sinni, Söruh, þar sem hún er að synda í sundlaug fjölbýlisins og ákveða þau að hittast á ný daginn eftir. Sam verður því meira en lítið hissa um morguninn þegar Sarah reynist vera flutt úr íbúð sinni!

Ráðgáta 16



UglyDolls

Ljótubrúðurnar búa í Ljótábæ þar sem þær una ágætlega við sitt. Það á eftir að breytast dálítið þegar nokkrar þeirra leggja land undir fót og uppgötvu að hinum megin við stóra fjallið þeirra er annar bæur, Fullkominbær, þar sem allar brúðurnar eru fullkonnar en þegar ljótar eins og þær sjálfar.

Teiknimynd L



Að temja drekann sinn 3

Í þessari þriðju og síðustu mynd um ævintýri vikingastráksins Híksta og drekans hans, Tannlausa, lenda þeir í sínu mesta ævintýri til þessa þegar þeir þurfa að takast á við hinn illa drekabana Grimmell sem hefur einsett sér að ná Tannlausa á sitt vald. Það má honum að sjálfsgöðu ekki takast!

Teiknimynd L



Undragarðurinn

Dögg er ung stúlka sem með aðstoð móður sinnar skapar ekki þara söguna um Undragarðinn heldur byggir upp hlua hans heima hjá þeim mægðum. Þegar Dögg rekt síðan á gamlan og gleymdan skemmtigarð í niðurníðslu reynist myndunarfélmi þar sem stert að garðurinn hreinlega lifnar við!

Teiknimynd L



Týndur hlekkur

Hlekkur er forsöguleg vera sem er mitt á milli þess að vera api og maður. Sem stendur býr hann einn og yfirgefinn í skógi en trúir því að ef hann getur fengið landkönnuðinn Lionel Frost til að aðstoða sig muni hann finna ættingja sína í hinum þjóðsögulega dal Sjangrí-La þar sem tíminn er sagður hafa staðið kyrr.

Teiknimynd L



Nonni norðursins 2

Ísbjörninn viðkunnalegi, Nonni norðursins, sem bjargaði máluðum í fyrstu myndinni um hann og vini hans snýr hér aftur til að taka við gullyklnum að New York þar sem hann er hetja og heiðursgestur. En skjótt skipast veður í lofti og áður en varir er Nonni kominn á kaf í ný vandamáli sem hann verður að leysa.

Teiknimynd L



Ralf ústar Internetinu

Sex ár eru liðin frá því að við hittum síðast hinn ljúfa og nautsterka Ralf sem nú lendir í nýjum ævintýrum ásamt vinkonu sinni, Vannellöpu sykursælu, þegar sérkennileg bilun í leiktækjasalnum þar sem þau vinna verður til þess að þau fara í einstaklega viðburðaríkt ferðalag á Internetinu! Fyndin skemmtun fyrir alla.

Teiknimynd L



August Creek

Erica er ung kona sem snýr aftur til heimabæjar síns, August Creek, til að vera viðstödd brúðkaup systur sinnar og aðstoða við undirbúninginn. Með í för er unnsti hennar, Mark, sem veit auðvitað ekki að í August Creek býr fyrrverandi unnsti Ericu, Nate, sem er enn yfir sig ástfanginn af henni.

Rómantik L



Brightburn

Bændahjónin Kyle og Tori Breyer vita ekki hvaðan á þau stendur veðrið þegar eitthvað sem líkist loftsteini skellur á landareign þeirra. Við athugun finna þau kornabarn sem virðist hafa komið með þessari sendingu utan úr geimnum og ákveða að ganga því í foreldra stað. Það á sannarlega ekki eftir að fara vel.

Tryllir 16



Booksmart

Skólafélagarnir og vinkonurnar Amy og Molly eru fyrirmyndarnemendur og hafa með mikilli elju uppskorið góðar einkunnir sem duga til að komast í bestu framhaldsskólana. En árangurinn hefur kostað þær miklar förnir í félagslega sviðinu og nú er kominn tími til að bæta úr því í eitt skipti fyrir öll!

Gamanmynd 12



Fahrenheit 11/9

Kvikmyndagerðarmaðurinn og Óskarsverðlaunahafinn Michael Moore vakti mikla athygli sumarið 2016 þegar hann spáði því fullum fetum að Donald Trump myndi sigra í bandarísku forsetakosningunum 8. nóvember sama ár. Í *Fahrenheit 11/9* útskýrir hann vel hvernig hann sá sigur Trump fyrir.

Heimildarmynd 12



bragð
bætir
myndina






Tegund: Skot- og hasarleikur
Kemur út á: PS4 og Xbox One
PEGI aldurstakmark: 18+
Útgáfudagur: 4. október
Framleiðandi: Ubisoft
Útgefandi: Myndform

Tom Clancy's Ghost Recon Breakpoint

Ellefti *Ghost Recon*-leikurinn er væntanlegur í verslanir 4. október en hann er sögulega beint framhald *Ghost Recon Wildlands* sem kom út 2017, en gerist fjórum árum síðar.

Ghost Recon Wildlands er vinsælasti og söluhæsti Tom Clancy-leikurinn frá upphafi, en hann var og er spilaður af meira en 15 milljón manns og var bæði tilnefndur til og hlaut fjölda verðlauna. Það er fastlega búist við að þessi nýi leikur séríunnar, *Ghost Recon Breakpoint*, eigi eftir að gera enn betur enda hefur ekkert verið til sparað við að gera upplifunina enn skemmtilegri en áður.

Leikurinn gerist árið 2023 á eyjunni Aururu í Suður-Kyrrahafi og fara leikmenn hér í fót og skó Anthony's „Nomad“ Perryman sem leiðir Delta 5 „Draugadeildina“ og hefur fengið það verkefni að uppræta í eitt skipti fyrir öll ólöglega starfsemi á eyinni sem ógnar heimsfriðinum. Risastór opin veröld, einspil eða netsamspil, sex tonn af vopnum, æsileg verkefni og alveg stórbrotin saga.



Concrete Genie

Leikmenn fara í hlutverk Ash í þessum persónulega og hjartahlýja leik, en Ash er einangraður unglingur sem lendir í stöðugu einelti. Í einveru sinni uppgötvar Ash hæfileika sem gera honum kleift að hreinsa upp bæinn sinn með teikningum sem síðan lifna við.

Concrete Genie er magnaður leikur sem leikmenn tengja við sem manneskjur, en hann er uppfullur af tilfinningum og tekur á erfiðum málum. Auk leiksins er í pakkanum sérstakur teiknileikur fyrir VR-græjuna þar sem leikmenn geta skapað sína eigin litríku heima og ferðast í gegnum þá.



Tegund: Hasar- og ævintýraleikur


Kemur út á: PS4

PEGI aldurstakmark: 12+

Útgáfudagur: 9. október

Framleiðandi: Sony

Útgefandi: Sena






Zombieland: Double Tap – Road Trip

Zombieland: Double Tap – Road Trip kemur út í tengslum við nýju *Zombieland*-myndina, en leikurinn inniheldur sinn eigin söguþráð sem gerist í kringum þá atburði sem eiga sér stað í báðum *Zombieland*-myndunum.

Leikmenn stýra hér hinum skemmtilegu persónum úr myndunum og þurfa að ganga frá uppvakningum sem þvælast um allt. Hér er á ferðinni þrælskemmtilegur skotleikur þar sem leikmenn eru m.a. verðlaunaðir fyrir „uppvakningadráp vikunnar“ ... og reglurnar sem koma fyrir í myndunum skipta máli.



Tegund: Skotleikur

Kemur út á: PS4

PEGI aldurstakmark: 16+

Útgáfudagur: 15. október

Framleiðandi: GameMill


Útgefandi: Sena



WWE 2K20

Þetta árið er *WWE 2K*-serían endurgerð frá grunni, en nýir framleiðendur hafa nú tekið við hönnun leiksins og gjörbreytt honum á margan hátt.

Grafíkin er mun betri en áður og hefur spilunin verið gerð einfaldari að læra en kannski dálítið erfiðari að ná alvöru tókum á. Leikurinn inniheldur fjölmarga mismunandi spilunarmöguleika og er konum gert hærra undir höfði í þetta sinn, enda verður hlutur þeirra vinsælli með degi hverjum í þessari íþrótt.



Tegund: Slagsmálaleikur

Kemur út á: PS4

PEGI aldurstakmark: 16+

Útgáfudagur: 22. október

Framleiðandi: 2K Sports

Útgefandi: Sena



Call of Duty Modern Warfare

Þetta árið snýr *Modern Warfare*-serían aftur, en hún er vinsælasta serían í *Call of Duty*-heiminum og hefur leikurinn verið gerður alveg upp á nýtt frá grunni.

Þessi væntanlegi *Call of Duty*-leikur er gefinn út af Activision og hannaður af Infinity Ward. Leikmönnum er kastað inn í bardaga nútímans þar sem minnstu ákvarðanir geta haft áhrif á valdajafnvægi heimsins. Leikurinn inniheldur einstaklega kraftmikinn söguþráð, netspilun sem er uppfull af hasar og glænýja möguleika þar sem leikmenn geta spilað saman á nýjan hátt.



Tegund: Skotleikur
Kemur út á: PS4 og Xbox One
PEGI aldurstakmark: 18+
Útgáfudagur: 25. október
Framleiðandi: Activision
Útgefandi: Sena

